**215. fundur íþrótta- og tómstundanefndar**
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 4. nóvember 2020**
**og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**
Sif Huld Albertsdóttir formaður, Gylfi Ólafsson aðalmaður, Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður og Guðný Stefanía Stefánsdóttir varamaður.

**Embættismenn:**
Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

B. Karen Gísladóttir boðaði forföll og enginn kom í hennar stað.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti íþrótta- og tómstundanefndar - 2014030027**

Lagður fram verkefnalisti íþrótta- og tómstundanefndar.

*Verkefnalisti íþrótta- og tómstundanefndar yfirfarinn.*

**2. Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2020 - 2020110006**

Rætt um útfærslu á útnefningu á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar 2020.

*Rætt um útnefningu á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar 2020. Málinu frestað til næsta fundar.*

**3. Uppbyggingasamningar 2020 - 2019080035**

Lagt fram uppkast að breyttu umsóknarferli uppbyggingasamninga.

*Sviðsstjóra falið að vinna málið áfram.*

**4. Samningur um gagnkvæman aðgang íbúa að íþróttamannvikjum í Ísafjarðarbæ og Bolungarvík - 2020110007**

Lagður fram til kynningar samstarfssamningur sveitarfélaga - frumkvæðisathugun ráðuneytis.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Auka afsláttur á skíðakortum haustið 2020 vegna Covid-19 - 2020110009**

Lögð fram tillaga um auka afslátt haustið 2020 af árskortum á skíðasvæði vegna Covid-19.

*Íþrótta- og tómstundanefnd leggur til við bæjarráð að árskort á skíðasvæði verði seld með 30% afslætti út árið 2020 til þeirra sem áttu árskort veturinn 2019-2020.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:55**

| | |
|---|---|
| Sif Huld Albertsdóttir | Gylfi Ólafsson |
| Kristján Þór Kristjánsson | Guðný Stefanía Stefánsdóttir |
| Stefanía Helga Ásmundsdóttir | |